

greina. Þótt eintökum þessum beri ekki saman í hvívetna, er þó það sameiginlegt með þeim, að skýrt má af þeim ráða það, að sölu-laun (Commission) erlendis var 7% söluverðsins. Verður því að líta svo á, að stefnda hafi mátt vera þetta ljóst eigi löngu eftir upphaf viðskipta þessara. Hins vegar hefur ekki af hans hálfu verið hreyft athugasemdum í þessa átt, svo séð verði, fyrr en í munnlegum flutningi máls þessa. Þykir stefndi með fyrirvaraleysi sínu um svo langan tíma hafa firrt sig þeirri aðstöðu, sem hann kynni annars að hafa haft til að byggja rétt á fjárhæð sölulaunanna, og er því eigi unnt að taka til greina sýknukröfu hans á þeim grundvelli heldur.

Loks hefur stefndi hreyft því, að taka beri tillit til þess, að skilagreinum hinna erlendu umboðsmanna stefnanda ber ekki saman að öllu leyti. Mótmæli stefnda gegn skýringum stefnanda á þessu þykja ekki nægilega öflug, enda óljóst mjög hverjar séu kröfur hans í þessu efni, og fær þetta atriði því eigi haft áhrif á úrslit málsins.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 3223.27, að fráðregnum framangreindum kr. 883.80, eða kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum, sem teljast frá stefnudegi, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn hans og stafar af miklum önnur í skrifstofu embættisins, einkum við dómsmál um það leyti, er þingleyfi hófst.

D ó m s o r ð :

Stefndi Garðar Þorsteinsson greiði stefnanda, Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f, kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. maí 1948.

Nr. 44/1948. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Friðmar Sædal Markússyni og Aðalsteini

Lárusyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður og brot á 111. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. apríl 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 13. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1802—1803/1948: Réttvisin og valdstjórnin gegn Friðmari Sædal Markússyni og réttvisin gegn Aðalsteini Lárussyni. Málið var tekið til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Friðmari Sædal Markússyni verkamanni, til heimilis í skála nr. 10 í Múlacamp hér í bæ, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, fyrir brot gegn XII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930, og af réttvisinnar hálfu gegn Aðalsteini Lárussyni, heimilislausum sjómanni, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga.

Ákærðu er báðir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon er fæddur í Reykjavík 4. febrúar 1917. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $2\frac{1}{10}$ Áminntur fyrir að hjóla án ljóss og bjöllu.

1931 $1\frac{1}{12}$ Kærður fyrir innbrotsþjófnað. Ráðstafað til dvalar í sveit að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins.

1933 $1\frac{1}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið og 80 kr. in solidum í skaðabætur fyrir þjófnað.

1935 $1\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur. Betrunarhússvinna í 2 ár fyrir innbrotsþjófnað og áfengislagabrot. Staðfest í hæstarétti 11. okt. 1935, 6. gr. l. 51/1928, 231. gr. hgl. 2. og 4. lið sbr. 7. gr. l. 51/1928 og að nokkru leyti 55., 46. og 47. gr. hgl. og lög nr. 33/1935, 17. sbr. 37. gr.

- 1935 $1\frac{1}{8}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{3}{8}$ Kærður fyrir meintan þjófnað. Rannsakað, en lokið án málssóknar vegna sannanaskorts.
- 1937 $3\frac{1}{4}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $2\frac{5}{8}$ Sætt, 200 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{3}{4}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr. 4. tl., 55. gr. og 63. gr. hinna alm. hegningarlaga.
- 1937 $1\frac{5}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotspjófnað.
- 1939 $3\frac{3}{4}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{6}{8}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $2\frac{3}{8}$ Sætt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og árás á lögregluþjón.
- 1939 $\frac{8}{8}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{5}{8}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{9}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotspjófnað.
- 1941 $2\frac{3}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $\frac{3}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{4}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $3\frac{3}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $1\frac{9}{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{3}{12}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $\frac{3}{8}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $3\frac{3}{8}$ Sætt, 200 kr. sekt fyrir að brjóta brunaboða. Brot á 11. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1943 $2\frac{5}{8}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1943 $\frac{8}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1943 $3\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $3\frac{1}{8}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1943 $\frac{3}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{3}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $\frac{7}{4}$ Sátt, 75 kr. sekt, 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og áflog.
- 1943 $1\frac{10}{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{5}{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{1}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{5}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $3\frac{3}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{10}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{7}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $2\frac{3}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $3\frac{3}{10}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1943 $1\frac{1}{11}$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{3}{12}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1943 $1\frac{1}{12}$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1944 $2\frac{1}{2}$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1944 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $\frac{2}{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1944 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og vanskil á ökugjaldi.
 1944 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{5}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á hús-friði.
 1945 $\frac{7}{8}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1945 $\frac{2}{3}$ Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 121. gr. hegnl., sbr. 3. mgr. 11. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og ölvun.
 1945 $\frac{5}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $3\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $1\frac{1}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $3\frac{1}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{5}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $2\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $3\frac{1}{10}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{7}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1946 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $1\frac{1}{4}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1946 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1946 $\frac{1}{4}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $1\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $2\frac{5}{4}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $\frac{1}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $1\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $2\frac{1}{10}$ Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $2\frac{3}{4}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $1\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $1\frac{1}{4}$ Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $1\frac{1}{4}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $\frac{3}{8}$ Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $2\frac{1}{8}$ Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1947 $1\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $2\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $2\frac{1}{10}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1947 $1\frac{1}{11}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $2\frac{1}{11}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $\frac{9}{12}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $2\frac{9}{12}$ Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1948 $2\frac{9}{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1948 $2\frac{9}{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Aðalsteinn Lárusson er fæddur 27. febrúar 1920. Hann hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1935 $\frac{5}{1}$ Kærður fyrir dúfnabjófnað. Málið afgreitt til barnaverndarnefndar.
 1935 $\frac{8}{4}$ Áminning fyrir árás. Kærandi Sveinbjörn Á. A. Sigurðsson.
 1936 $\frac{5}{3}$ Kærður fyrir bjófnað. Látið falla niður, með því að þýfið var undir 30 kr. virði og málssóknar ekki krafist.
 1937 $1\frac{7}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Skilorðsbundið fyrir bjófnað og kr. 97.87 í skaðabætur.
 1938 $\frac{5}{6}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
 1939 $1\frac{7}{4}$ Kærður fyrir bjófnað á 600 kr. vorið 1937, komst upp við rannsókn í öðru máli. Látið falla niður, með því að kærði var dæmdur fyrir bjófnað 1937, $1\frac{7}{3}$.
 1940 $2\frac{9}{1}$ Undir rannsókn fyrir meinta nauðgun og smitun af kynsjúkdómi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
 1940 $\frac{8}{3}$ Kærður fyrir bjófnað á 5 krónum. Peningarnir voru endurgreiddir og ekki talin ástæða til frekari aðgerða.
 1940 $1\frac{9}{2}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir neitun um að segja lögreglunni til nafns sins og heimilisfangs.
 1942 $1\frac{9}{2}$ Kærður fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 13 1941. Fellt niður.
 1944 $2\frac{9}{4}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
 1944 $2\frac{9}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $1\frac{8}{12}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{2}{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $1\frac{9}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 $\frac{2}{11}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Þriðjudaginn 20. maí f. á. fyrri hluta dags handtók lögreglan ákærða, Friðmar Sædal, vegna ölvunar, og setti í gæzlu í fangaklefa nr. 4 í fangageymslu lögreglunnar. Sama dag var ákærði Aðalsteinn einnig settur í fangageymsluna vegna ölvunar, og fór hann í klefa nr. 8. Klukkan 21.40 kallaði ákærði Friðmar til fangavarðarins, Bjarna Marteins Jónssonar, og bað hann að láta sig lausan. Fangavörðurinn fór upp í varðstofu til að athuga mál Friðmars, en er

hann kom aftur niður í fangageymsluna, var ákærði Friðmar horfinn, svo og var ákærði Aðalsteinn horfinn úr klefa sínum. Var þeirra svo leitað, og fannst Friðmar á veitingastofunni á Vitastíg 14 nokkru síðar.

Ákærði Aðalsteinn skýrir svo frá, að er hann vaknaði í klefa sínum um kvöldið, hafi hann séð ákærða Friðmar Sædal reykjandi frammi á ganginum. Kveðst Aðalsteinn hafa beðið hann að gefa sér reyk. Hafi Friðmar gert það, en boðizt síðan til að opna fyrir honum klefann, og kveðst Aðalsteinn hafa tekið vel í það. Hafi Friðmar síðan opnað klefann. Úr gangi fangageymslunnar liggja dyr fram í forstofuna, og kveðst ákærði Aðalsteinn hafa komið belti sínu yfir efra horn hurðarinnar, og tekið í, og hafi hurðin þá hrokkið upp. Þeir Friðmar hafi síðan orðið samferða út og skilið við vörugeymslu Eimskipafélags Íslands.

Ákærði Friðmar Sædal kveðst ekki muna, með hverjum hætti hann komst út úr klefa sínum, og hélt hann því í fyrstu fram, að fangavörður hafi hleypt sér fram á ganginn, en síðar skýrir hann svo frá, að hann muni hafa barið í hurðina þangað til hún opnaðist. Hann segir að sig minni, að Aðalsteinn bæði hann að opna fyrir sér, og hafi hann þá gert það. Hann man ekki gerla, hvernig þeir komust út úr fangageymslunni, en telur að það muni vera rétt, að hún hafi verið lokað að utan og hafi hann þá opnað fyrir Aðalsteini, til að fá aðstoð hans til að komast út.

Fangavörðurinn, Bjarni Marteinn Jónsson, kveðst hafa opnað klefa ákærða Friðmars, meðan hann var að tala við hann, en lokað hann síðan inni í kleanum með efri lokunni á hurðinni. Frá dyrum fangageymslunnar kveðst hann hafa gengið á venjulegan hátt, þ. e. skellt í lás og lokað hurðinni síðan að utan með tveimur koparkrökum. Þegar hann kom niður aftur, hafi það komið í ljós, að lykkjan, sem hélt efri kröknum, var dregin út, en hin neðri brotin.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, verður ekki talið, að ákærðu hafi sammælst um að hjálpast að strjúka í skilningi 110. greinar almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að frelsa ákærða Aðalstein, þykir ákærði Friðmar Sædal hafa unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 111. gr. nefnda laga. Aftur á móti þykir verða að sýkna Aðalstein af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

II.

Laugardaginn 13. marz s. l. brauzt ákærði Friðmar Sædal Markússon, sem var áberandi ölvaður, inn í skála nr. 13 í Múlacamp, á þann hátt að sprengja læsingarjárn hurðar frá dyrastaf. Í eldhúsi skálans, úr ólæstu kofforti, stal ákærði veski, sem í var kr. 215.00 í peningum, skömmunarbók, og að sögn eigandans, Huldu Jörgensdóttur Kerúlf, er þarna bjó, einnig happadrættismiðar, en ákærði minnst ekki að hafa orðið þeirra var. Kveður hann þó vel geta verið, að þeir hafi einnig verið í veskinu. Peningunum eyddi ákærði í áfengi, sem

hann neytti inni í ýmsum veitingastofum. Skömmtunarbókina lét hann einhvern bifreiðarstjóra, sem hann veit engin deili á, fá í skiptum fyrir hálfu flösku af brennivíni, en veskinu henti hann.

Eigandi veskisins, Hulda Jörgensdóttir Kerúlf, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls í skaðabætur vegna þjófnaðar þessa kr. 270.00. Hefur ákærði fallizt á kröfu þessa, og verður hún því tekin til greina.

Með framangreindum þjófnaði hefur ákærði Friðmar Sædal Markússon gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með áberandi ölvun á almannafæri og neyzlu áfengis inni í veitingastofum hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 17 gr., sbr. 1. mgr. 37. gr., 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

III.

Sunnudaginn 21. marz s. l. brauzt ákærði Friðmar Sædal Markússon inn í herbergi Guðlaugar Unu Benediktsdóttur í Garðastræti 17 á þann hátt, að ákærða tókst að brjóta flasku úr dyrastaf og gat þannig opnað dyrnar, sem læstar voru með smekklás. Úr herberginu stal hann peningakassa, sem í voru kr. 360.00 í peningum, reikningur, og að sögn eigandans, fjórir skömmtunarseðlar, stofnaukar, tveir nr. 11 og tveir nr. 13, en ákærði, sem hafði komið gangandi áberandi ölvaður að húsinu, segist ekki minnst þess að hafa orðið seðlanna var, þótt vel geti verið að þeir hafi verið í kassanum. Peningunum eyddi ákærða í áfengi, er hann keypti af einhverjum bifreiðarstjóra, sem hann veit engin deili á, og neytti þess inni í ýmsum veitingastofum. Peningakassann, ásamt því sem í honum var, nema peningunum, faldi ákærði niður við Ægisgarð, þar sem hann síðar fannst og var afhentur eigandanum, sem kveðst sakna skömmtunarseðlanna auk peninganna.

Guðlaug Unu Benediktsdóttur hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls í skaðabætur vegna þjófnaðar þessa kr. 400.00. Hefur ákærði samþykkt þessa kröfu, og verður hún því þegar af þeirri ástæðu að öllu leyti tekin til greina.

Með þjófnaði þessum hefur ákærði Friðmar Sædal Markússon gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá hefur hann með áberandi ölvun á almannafæri og neyzlu áfengis inni í veitingastofum gerzt brotlegur við 1. mgr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. 18. gr. og 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

IV.

Eins og áður segir, ber að sýkna ákærða Aðalstein Lárússon af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Refsingu ákærða Friðmars Sædals Markússonar ber að ákveða

með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og fyrri brotaferli hans, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í 18 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að gæzluvarðhald hans frá 2. apríl 1948 komi refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 ber að svipta ákærða Friðmar Sædal kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Friðmar Sædal Markússon ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Aðalsteinn Lárusson skal vera sýkn af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 2. apríl 1948 skal koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að telja Huldu Jörgensdóttur Kerúlf kr. 270.00 og Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 400.00.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1948.

Nr. 30/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Eyjólfí Þórarinssyni

(Hrl. Sigurður E. Ólason).

Brot á byggingarsamþykkt og reglugerð um fjárhagsráð.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem er rétt lýst í héraðsdómi, varðar við 1. tölulið 12. gr. byggingarsamþykktar Hafnarfjarðar nr. 114/1916 og 2. málsg. 11. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. lög nr. 70/1947. Með þessari athugasemd ber að staðfesta